

Reykjavík, 11. mars 2021

Tilv.: 2012017

Efni: Kaup BBL 144 ehf. og Eldeyjar Holding ehf. og fl. á hlutafé í Eldey TLH ehf., Arcanum Fjallaleiðsögumönnum ehf. og Logakór.

1. Samkeppniseftirlitið hefur það hlutverk samkvæmt samkeppnislögum að leggja mat á það hvort samruni fyrirtækja raski samkeppni og skaði þar með hagsmunum almennings. Liður í slíkri rannsókn er að afla sjónarmiða fyrirtækja sem eftir atvikum eru keppinautar eða viðskiptavinir samrunaaðila. Óskar Samkeppniseftirlitið því umsagnar fyrirtækis yðar um hvaða áhrif það telur að samruninn geti haft á samkeppni á þeim mörkuðum er samrunaaðilar starfa á. Þá óskar Samkeppniseftirlitið jafnframt rökstuddra sjónarmiða fyrirtækisins um hvort það sé sammála því sem fram kemur í samrunaskrá um markaðsskilgreiningar og stöðu aðila á viðkomandi mörkuðum sem þar er lýst.
2. Samkvæmt samkeppnislögum ber Samkeppniseftirlitinu að ljúka rannsókn samrunamála innan tiltekinnna tímafresta. Er því nauðsynlegt að gagnaöflun gangi greiðlega fyrir sig. Er óskað eftir því að svarbréf berist eftirlitinu eigi síðar en **kl. 16:00, þann 16. mars nk.** með bréfpósti eða á netfangið aldis.s.bjarnhedinsdottir@samkeppni.is.
3. Varðandi heimild Samkeppniseftirlitsins til að óska umbeðinna upplýsinga vísast til 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Innihaldi umsögn fyrirtækisins trúnaðarupplýsingar er mikilvægt að slíkt komi fram og að Samkeppniseftirlitinu berist einnig afrit af svarinu án trúnaðarupplýsinga.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Aldís Sif Bjarnhéðinsdóttir